

Haustið 2019 fór af stað metnaðarfullt verkefni hjá UMFK þar sem stofnuð var körfuknattleiksdeild í fyrsta skipti í sögu félagsins og gerði UMFK samkomulag um samstarf við Aþenu íþróttafélag. Nú þjónar körfuknattleiksdeildin börnum á Kjalarnesi og Kjósi ásamt því að börn koma víða að á Höfuðborgarsvæðinu. UMFK skráði til leiks lið í 8., 9. og 10. flokki kvenna skipuð stúlkum fæddum 2006-2008 og í flokki 10 og 11 ára í minnibolta drengja og 7. flokki drengja skipuð krökkum fæddum 2008-2011 fyrir keppnistímabilið 2019-20 og náðu liðin góðum árangri. Á þeim tíma þegar tímabilið var blásið af vegna COVID-19 faraldursins höfðu 2 flokkar unnið sig upp í A-riðil og en hinir 2 flokkarnir byrja nýtt tímabil í B-riðli. Félagið æfir í Íþróttamiðstöðinni Klébergi á Kjalarnesi.

UMFK keppir sína heimaleiki í Klébergsskóla. Vegna ófullnægjandi aðstöðu átti liðið erfitt með að keppa á sínum heimavelli og þurfti raunar að fá undanþágu frá Körfuknattleikssambandi Íslands til þess að gera það. Eftir að keppni var frestað fyrr í haust hefur verið sett upp stigatafla ásamt skotklukkum sem mun halda áfram að greiða leið félagsins til að halda halda kappleiki á sínum heimavelli þegar keppni verður leyfð á ný.

Langflest íþróttahús í Reykjavík hafa parketgólf og vonar UMFK að Klébergsskóli komist í hóp þeirra. UMFK er eina félagið í Reykjavík sem bíður upp á körfuboltaíðkun og æfir ekki á parketgólfi. Margsannað hefur verið að undirlag í íþróttaiðkun hefur mikil áhrif á meðaltíðni og þá sérstaklega álagsmiðsli og vonumst við að Reykjavíkurborg kjósi að bjóða iðkendum upp á góða og heilsuþætandi aðstöðu til íþróttæfinga. Öll félög á Íslandi kjósa að hafa parket í sínum íþróttahúsum og hægt er að vísa í góða greinagerð Handknattleiksdeildar Aftureldingar um kosti parketgólfs í íþróttahúsum. [Sjá hér](#)

Í Klébergsskóla er gamalt gólf með gúmmídúk sem er orðið ansi lúíð. Gæði gólfsins hafa farið dvínandi með árunum. Víða má finna "dauða bletti" á gólfinu sem ekki einungis minnka gæði leiksins heldur bjóða uppá meiri meiðslahættu en ætti að vera til staðar í nútíma íþróttahúsi, þá sérstaklega fyrir stelpur sem eru líklegri til þess að lenda í alvarlegum meiðslum eins og t.d. krossbandsslitum. Kjalnesingar geta talið mörg dæmi um meiðsli sem hafa átt sér stað í húsinu síðustu árin, þ.a.m krossbandsslit. Fjöðrun í gólfinu er slæm sem býður upp á álagsmiðsli. Meistaraflokkur kvenna í Skallagrím æfði tímabundið í Klébergsskóla og blossuðu þar upp ýmis eymsli og meiðsli á stuttum tíma sem hurfu svo þegar liðið snéri aftur til æfinga í Borganesi. Meiðslatíðni á parketi er mun lægri heldur en á dúkum og í flestum sambærilegum löndum eru æfingar og keppni aðeins leyfðar á parketgólfum. Í Bandaríkjunum er bannað að keppa í körfubolta á dúk vegna slyshættu.

Á næsta ári hyggst félagið skrá lið til keppni í körfubolta í meistaraflokki kvenna í fyrsta skipti sögu félagsins. Nauðsynlegt er fyrir UMFK bæta aðstöðuna svo að liðið hafi heimavöll sem telst hæfur til kappleikja í meistaraflokki. Félagið teflir fram mjög sterkum hóp stelpna og KKÍ leyfir keppni einungis á parketgólfum í meistaraflokki karla og kvenna.

UMFK hefur kannað ýmsa kosti of fengið verðtilboð fyrir parketgólf í Klébergsskóla, sjá í viðhengi.

UMFK sækir um styrk til Reykjavíkurborgar fyrir kaup á nýju parketgólfi til áframhaldandi bætinga á aðstöðu til íþróttaiðkunar í Klébergsskóla. Ásamt því að minnka meiðslahættu hjá íþróttafólki UMFK, og þeirra Kjalnesinga sem sækja húsið, og til þess að getað haldið heimaleiki í körfubolta í Klébergsskóla.